

# Öryggisáætlun Ferðafélags Akureyrar

## Ferðir

### 2. Þáttur: Þátttakendur

Þátttakendur: Kröfur og ábyrgð	FFA: Hlutverk og ábyrgð
<p>Þátttakendur þurfa að kynna sér ferð sem þeir eru skráðir í og huga vel að þeim búnaði sem þarf í hverja ferð. Það er hægt að gera á heimasíðu félagsins og með því að hafa samband við skrifstofu eða fararstjóra.</p> <p>Þátttakendur þurfa að kynna sér:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lýsingu á ferð</li><li>• Erfiðleikastig ferðar</li><li>• Búnaðarlista viðkomandi ferðar</li><li>• Ábyrgð þátttakenda í ferðum með FFA:<ul style="list-style-type: none"><li>○ Farþegar ferðast með FFA á eigin ábyrgð.</li><li>○ FFA tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra og hvetur fólk til að kynna sér eigin heimilistryggingar eða kaupa ferða- og slysatryggingu</li></ul></li></ul> <p>Þátttakendur bera ábyrgð á að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• veita réttar upplýsingar til FFA um nafn, kennitölu, símanúmer, netfang og símanúmer aðstandenda</li><li>• meta hvort ferðin hentar þeim út frá lýsingu ferðar, erfiðleikastigi og mati á eigin getu</li><li>• greiða rétt gjald í ferð þ.e. fá félagsmannaafslátt</li></ul>	<p>FFA birtir árlega upplýsingar um ferðir í ferðaáætlun á heimasíðu FFA, Facebook, visitakureyri.is og á heimasíðu FÍ.</p> <p>FFA sér um að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• lýsing á ferð sé eins ítarleg og frekast er unnt og komi fram á heimasíðu FFA. Við hverja ferð séu upplýsingar um:<ul style="list-style-type: none"><li>○ erfiðleikastig sem viðmið</li><li>○ vegalengd og gönguhækkun</li><li>○ viðmið um tímalengd</li></ul></li><li>• vísa í búnaðarlista við hverja ferð á heimasíðu</li><li>• á skráningarblaði sé beðið um nauðsynlegar upplýsingar frá þátttakendum s.s. símanúmer aðstandenda</li><li>• upplýsingar um ábyrgð þátttakenda séu aðgengilegar á heimasíðu FFA og séu birtar:<ul style="list-style-type: none"><li>○ í öryggisáætlun fyrir hvert erfiðleikastig á ferð</li><li>○ á heimasíðu FFA undir ferðaáætlun og öryggisáætlun</li></ul></li><li>• veita upplýsingar um viðkomandi fararstjóra með samþykki hans t.d. á heimasíðu FFA</li></ul>